

Föstudaginn 7. maí 1982.

Nr. 27/1980. Íslenskir aðalverktakar s/f og
 Samvinnutryggingar g/t,
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Helga Thorberg og
Hagtrygging h/f
 (Hjörtur Torfason hrl.)
 gegn
Árna Sigurpálssyni og gagnsök
 (Othar Örn Petersen hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1980. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Helga Thorberg og Hagtrygging h/f hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1980. Þau krefjast þess aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda á hendur þeim verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, Árni Sigurpálsson, hefur að fengnu gagnáfrýjunarleyfi, útgefnu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. ágúst 1980, gagnáfrýjað með stefnum 27. ágúst 1980. Gagnáfrýjandi gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða honum in solidum 44.962.32 krónur auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1.

september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur verið lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerður af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, dags. 7. apríl 1982. Í útreikningi þessum eru tekjur skv. fyrri útreikningum umreiknaðar með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á kaupþöxtum síðan í ársbyrjun 1980.

Miðað við þann tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 10.428.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 63.380.00

Samtals kr. 73.808.00

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Samkvæmt vottorði gatnamálastjóra 19. nóvember 1979 var Suðurlandsbraut skipt í akreinar á því svæði, þar sem árekstrarnir urðu, þegar á árinu 1968. Ökumenn bifreiðanna vissu um akreinaskiptinguna og óku eftir Suðurlandsbraut að Hallarmúla samkvæmt því.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um óskipta skaðabótaábyrgð allra aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda.

Með vísan til hins nýja örorkutjónsútreiknings þykir mega taka bótakröfu gagnáfrýjanda fyrir tímabundna og varanlega örorku til greina óbreytta, þ. e. 39.962.32 krónur með vöxtum, eins og krafist er, og hefur þá verið tekið tillit til greiðslna, sem hann hefur fengið frá vinnuveitanda sínum og Tryggingastofnun ríkisins. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um miskabætur, 4.000.00 krónur.

Einnig ber aðstaðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 11.000.00 krónur í málskastnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Árna Sigurpálssyni, óskipt 43.962.32 krónur auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var syðri hluta Suðurlandsbrautar skipt í tvær akreinar á þeim stað, er hinir umdeildu árekstrar urðu á, og hefur svo verið frá árinu 1968. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því hins vegar haldið fram, að akreinaskipting hefði ekki sést af yfirborðsmerkingum á akbraut á þeim tíma, er árekstrarnir urðu. Af rannsóknargögnum er ekki ljóst, hvort yfirborðsmerkingar hafi sýnt akreinaskiptinguna greinilega, en hlutaðeigandi öku-menn vissu um hana og óku samkvæmt því. Má því leggja akreinaskiptingu akbrautarinnar til grundvallar niðurstöðu í málinu.

Með þessari athugasemd er ég sammála dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar.



Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., er höfðað fyrir bæj-

arþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. apríl 1979 og 26. apríl 1979.

Stefnandi málsins er Árni Sigurpálsson sjómaður, Lækjargötu 18, Hafnarfirði.

Stefndu eru Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg, Suðurgötu 18, og Hagtrygging h/f, allir í Reykjavík.

Stefnandi gerir nú þær kröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda „kr. 4.496.232 auk 13% ársvaxta frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þ. d. til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í., þar með talinn útlagður kostnaður.“

Stefndu Helga Thorberg og Hagtrygging h/f gera þær réttar-kröfur aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins. Til vara krefjast þessir stefndu, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndu Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Um tildrög málsins segir m. a. svo í stefnu málsins:

„Málavextir eru þeir, að þriðjudaginn 21. des. 1976 ók stefnandi máls þessa fólksbifreiðinni R-28377 austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein. Er bifreiðin var stödd skammt vestan við gatnamót Hallarmúla og Suðurlandsbrautar, sveigði vörubifreiðin J-163, eign stefnda Íslenskra Aðalverktaka sf., sem ók hægra megin samsíða stefnanda, til vinstri yfir á akrein stefnanda og straukst við hægri hlið hans, en beygði síðan til hægri. Við þetta steig ökumaður R-28377 á hamlana og reyndi að sveigja frá, og skipti þá engum togum, að bifreiðin R-47934, eign stefndrar Helgu Thorberg, sem ók austur Suðurlandsbraut næst á eftir, lenti á bifreiðinni R-28377 og skemmdi hana talsvert auk þess sem ökumaðurinn, stefnandi máls þessa, hlaut af varanleg meiðsl.

Verður að telja, að ökumenn J-163 og R-47934 brjóti umferðarlög með þeim hætti, að þeir eigi alla sök á tjóni stefnanda með aksturslagi sínu. Stefnandi krafði Hagtryggingu hf. um bætur vegna tjónsins, en bifreiðin R-47934 er tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Hefur það neitað öllum bótakröfum og vísað á Samvinnutryggingar gt., en bifreiðin J-163 er tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Hefur það einnig vísað öllum bótakröfum á bug.“

Stefnandi, sem kveðst hafa fengið slæman hálsáverka við áreksturinn, hefur í máli þessu krafði stefndu um skaðabætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir.

Lögreglunni var tilkynnt um árekstur þennan kl. 0923, og fóru tveir lögregluþjórnar á vettvang. Annar þeirra gerði uppdrátt af vettvangi, en hinn tók saman skýrslu um atburðinn. Í skýrslunni segir m. a. svo:

„Þarna hafði bifreiðinni R-47934 verið ekið aftan á bifreiðina R-28377. Báðar bifreiðarnar voru á vinstri akrein á leið austur Suðurlandsbraut, staddar þar sem umferðareyja skipti akbrautinni í tvennt, við gangbraut vestan móta Hallarmúla. Fremri bifreiðin var talsvert mikið skröpuð á hægri hlið, og báru báðir ökumennirnir, að grænni Bens vörubifreið, J-163, hefði verið ekið á hægri akrein, samhliða fremri bifreiðinni, þ. e. R-28377, sveigt til vinstri á R-28377 og síðan beygt til hægri suður Hallarmúla, án þess að sinna þessu að nokkru.

Vitni gaf sig fram þarna á staðnum og kvaðst heita Ingimar Ólafsson, Eykjuvogi 24, Rvík, sími 35284. Hann sagðist hafa ekið á eftir J-163 og bar það sama og að framan greinir.

Ökumaður R-47934 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein með um 30—40 km hraða, næst á eftir R-28377, litið aðeins af henni til að huga að umferð á gangbrautinni framundan, séð svo, að R-28377 var um það bil að stöðvast og vörubifreiðin að aka utan í hann, hemlað þá eins og hægt hefði verið, en það ekki nægt og árekstur orðið hjá sér, en vörubifreiðin ekið brott án þess að sinna sínum þætti í þessu.

Ökumaður R-28377 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut á vinstri akrein með um 30—40 km hraða við hliðina á J-163, framarlega. Þegar þeir hefðu komið að gangbrautinni, hefði vörubifreiðin sveigt að sér og þröngvað sér upp á umferðareyjuna og stökist við alla hægri hliðina á bifreið sinni, en beygt svo til hægri suður Hallarmúla. Hann sagðist hafa hemlað, er hann hefði séð, hvað verða mundi, og reynt að sveigja frá, en það ekki nægt.

Rétt í því að bifreið hans hefði verið að stöðvast, hefði komið talsvert högg aftan á hana. Hann kvartaði um eymsli í hálsi og baki og mun hafa farið á Slysadeild Borgarspítalans til athugunar vegna þess.

Um kl. 11:00 hafðist upp á ökumanni J-163. Hann kvaðst hafa ekið á þessum tíma (um kl. 09:20) austur Suðurlandsbraut á hægri akrein með um 30 km hraða, hægt á sér við gatnamótin og beygt til hægri suður Hallarmúla. Hann sagðist hafa vitað af umferð á vinstri akreininni, heyrt einhverja skruðninga, er hann hefði tekið beyguna, en ekki orðið var við, að hann kæmi sjálfur við neinn. Hann kvaðst hafa orðið var við árekstur hinna bifreiðanna nokkru síðar, en ekki séð, er hann varð, og ekki hafa sett sínar ferðir nokkuð í samband við það.

Greinileg ákoma, með nýjum rauðum lit, var á stiga og aurlíf á vinstri hlið vörubifreiðarinnar, en skemmdir á henni ekki sjáanlegar.

Á R-47934 voru bæði frambretti, „grill“, vélarhúslok og framhöggvari deldað og bogið, bæði stefnuljós að framan brotin, og kælivatn lak af bifreiðinni.

Á R-28377 var öll hægri hlið dælduð og rispuð og spegill brotinn af hægri megin. Að aftan voru afturhurðir og afturgافل dældað. Það skal tekið fram, að bifreið þessi ber samskonar rauðan lit og var á ákomustöðum vörubifreiðarinnar.“

Stefnandi gaf skýrslu hjá slysarannsóknardeild lögreglunnar 25. janúar 1977. Kvað hann ofangreinda skýrslu lögreglunnar rétta svo og uppdrátt af vettvangi. Hann skýrði jafnframt svo frá: „Ég fékk mikið högg, þegar bifreiðin R-47934 lenti aftan á bifreið minni, og fékk við það mikla verki í háls, skömmu eftir áreksturinn. — Fór ég þá strax á slysavardstofuna til rannsóknar. — Kom í ljós, að um mikla tognun í hálsi var að ræða, og var ég settur í kraga. — Það er langt frá því, að ég sé búinn að ná mér nú, og stunda ég endurhæfingu á endurhæfingarstöð lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13 Rvík. Ég hef verið alveg frá vinnu síðan slysið varð. — Hvað varðar áreksturinn sjálfan, hef ég engu við að bæta, það sem fram kemur í lögregluskýrslunni. —“

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 22. október 1979 gefið svofellda skýrslu: „Ég hafði oft áður ekið austur Suðurlandsbraut á þessum kafla, sem um ræðir í málinu. Ég man ekki, hvort syðri hluti akbrautar Suðurlandsbrautar var skipt í akreinar með þar tilheyrandi mekjum. Í nefnt sinn ók ég Skúlagötu upp á Laugaveg og áfram þá götu á enda og inn á Suðurlandsbraut. Mig minnir,

að ég hafi ekið á vinstri akrein yfir ljósin á Kringlumýrarbraut og allt þar til áreksturinn varð, en ég man þetta ekki fyrir víst. Ég var að koma frá pósthúsinu við Hafnarstræti og var á leiðinni inn að pósthúsinu í Árbæjarhverfi. Í lögregluskýrslunni er haft eftir mér, að ég hafi ekið við hliðina á J-163, framarlega, og er það rétt eftir mér haft, en þar á ég við, að framhjól bifreiðar minnar voru á móts við mitt stýrishús vörubifreiðarinnar eða nálægt því. Ég dró vörubifreiðina frekar uppi. Það skeði mjög skyndilega, að vörubifreiðinni var sveigt að bifreið minni með þeim afleiðingum, að vörubifreiðin þröngvaði sér þannig upp að minni bifreið, að ég varð að sveigja bifreið mína til vinstri upp á umferðareyjuna, sem var mér á vinstri hönd. Ég man ekki, hvað eyjan var breið, þar sem hún var breiðust, en vinstra framhjól bifreiðar minnar, og ég reikna með, að vinstra afturhjólið einnig, fór rétt inn fyrir syðri brún eyjarinnar. Ég reyndi að hemla, um leið og ég sveigði frá, en það nægði ekki til að forða bifreið minni undan vörubifreiðinni. Þegar bifreið mín var að stöðvast, var bifreiðinni R-47934 ekið aftan á bifreið mína. Ég tel, að árekstur sá hafi orðið nálægt þeim stað, sem síðastgreind bifreið er teiknuð á uppdráttinn á lögregluskýrslunni. Ég hafði ekki hugmynd um, að bifreiðinni R-47934 var ekið á eftir mér í nefnt sinn. Ég ætlaði að aka austur Suðurlandsbrautina. Ég hemlaði samkvæmt ósjálfráðum viðbrögðum í nefnt sinn og nokkuð skyndilega. Hálsa var á veginum. — Ég var starfsmaður Póststofunnar í Reykjavík, þegar ég varð fyrir slysinu. Eftir slysið vann ég ekki meir hjá Póststofunni. Eftir slysið fékk ég greitt kaup í einn og hálfan mánuð, að því er mig minnir frá Póststofunni, og eftir það fékk ég nokkrar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Ég hefi enn þrautir í hálsi sem afleiðingar slyssins, einkum þegar ég þreytist. Slík óþægindi hafði ég ekki fyrir slysið. — Ég vil taka fram, að ég jafnaði mig fljótlega eftir slysið, sem ég varð fyrir 27. júlí 1973 og fékk ekki nein varanleg óþægindi sem afleiðingar þess slyss.“

Vitnið Ingimar Ólafsson gaf skýrslu hjá lögreglunni 26. janúar 1977. Var þá m. a. fært til bókar:

„Þegar áreksturinn varð, var ég á leið austur Suðurlandsbraut, og ók ég bifreiðinni R-20993. Þegar ég var kominn austur fyrir Kringlumýrarbraut, var ég á hægri akrein á eftir bifreiðinni J-163, en ein bifreið var á milli. Þegar bifreiðin J-163 nálgadist Hallarmúla, var henni sveigt til vinstri, verulega inn á vinstri akreinina, og rakst hún þá utan í bifreiðina R-28377, sem ekið var

eftir vinstri akreininni við hlið J-163. Við þetta lenti bifreiðin R-28377 uppi á umferðareyju á miðju götunnar, en síðan hægra megin niður af henni, og þar var bifreiðin stöðvuð. Í sama bili bar þar að bifreiðina R-47934, og rakst hún allharkalega aftan á R-28377. — Ég hef athugað uppdrátt lögreglunnar af vettvangi og tel hann réttan. Eftir áreksturinn var bifreiðinni J-163 ekið suður Hallarmúla og stöðvuð við hægri gangstéttarbrún, skammt norðan Múlakaffis.“

Ingimar Ólafsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 14. nóvember 1979 og lýsti þá ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann greindi jafnframt svo frá: „Ég ók í umrætt sinn inn Laugaveg og yfir Kringlumýr-arbraut. Ég man ekki, hvorum megin á akbrautinni ég ók inn eftir, en rétt áður en ég kom á árekstursstaðinn, ók ég hægra megin á akbrautinni. Ég man ekki, hvort Suðurlandsbrautin hafði merktar akreinar þarna, en tvöföld röð bifreiða óku inn Suðurlandsbrautina í umrætt sinn. Mig minnir, að þó nokkur umferð hafi verið á þessum kafla Suðurlandsbrautarinnar í umrætt sinn. Ég man ekki, á hvaða hraða ég ók í umrætt sinn. Mig minnir, að bifreiðin, sem ekið var á undan mér, hafi verið lítil fólksbifreið, en ég man ekki meira um hana að segja. Ég varð ekkert var við þá bifreið, eftir að árekstur varð. Ég sá, þegar vörubifreiðin beygði til vinstri yfir á vinstri akreinina og fór utan í Escord bifreiðina. Vinstri hjól Escord bifreiðarinnar fóru upp á eyjuna. Vörubifreiðin og Escord bifreiðin voru báðar á hreyfingu, þegar vörubifreiðinni var ekið utan í Escordinn. Ég þekkti ekki ökumann R-28377, Árna Sigurpálsson, og hafði engin samskipti haft við þennan mann, þegar áreksturinn varð. Ég minnst þess heldur ekki að hafa séð mann þennan í annað skipti eftir þetta atvik. Ég man nú ekki, hvort ég tók nákvæmlega eftir, þegar bifreiðinni R-47934 var ekið aftan á Escord bifreiðina.“

Vitnið Magnús Thorberg, ökumaður bifreiðarinnar R 47934, mætti hjá lögreglunni 26. janúar 1977. Var honum þá kynnt lög-regluskýrslan og sýndur uppdráttur af vettvangi. Hann kvaðst telja uppdráttinn réttan og það, sem eftir honum er haft í skýrslu lögreglunnar. Kvaðst hann engu hafa að bæta við fyrri framburð sinn.

Magnús Thorberg gaf skýrslu hér fyrir dómi 14. nóvember 1979. Vitnið segir, að vörubifreiðin J 163 hafi verið yfirbyggð og af stærstu gerð. Vitnið telur tvímælalaust, að vörubifreiðin J 163 hafi dregið bifreið vitnisins og bifreiðina R 28377 uppi, enda kveðst vitnið skyndilega hafa séð vörubifreiðina þröngva bif-

reiðinni R 28377 til vinstri, en vitnið kveðst ekki muna, hvort bifreiðin R 28377 fór með vinstri hjólin upp á umferðareyjuna. Vitnið kveðst hins vegar hafa séð, þegar vörubifreiðin snerti R 28377. Vitnið kveðst hafa litið svo á, að ökumaður vörubifreiðarinnar hafi í reynd átt alla sök á tjóni því, sem varð í umrætt sinn, þ. e. tjóninu á báðum bifreiðunum og líkamstjóni ökumanns R 28377. Kveðst vitnið því strax hafa átt símtal við Ingólf Finnbogason, framkvæmdastjóra hjá Ísl. aðalverktökum s/f, sem var eigandi bílsins. Kveðst vitnið hafa tilkynnt honum, hvað kom fyrir, hálf tíma eftir slysið, að ökumaður vörubifreiðarinnar ætti alla sök á ökuóhappinu. Vitnið kveðst hafa verið að koma neðan úr bæ og ekið á vinstri akrein yfir gatnamót Kringlumýrarbrautar og kveðst hafa ekið á vinstri vegarhelmingi alla leið á árekstursstað. Vitnið kveðst hafa ekið mjög hægt þessa leið. Vitnið kveðst hafa hægt á bifreiðinni, þegar það nálgæðist gangbrautina, þar sem áreksturinn varð. Kveðst vitnið hafa ekið á 30—40 km hraða, eftir að það hafði farið yfir Kringlumýrarbrautina, en hægt á ferðinni, þegar það nálgæðist gangbrautina, en vitnið kveðst ekki geta sagt um, á hvaða hraða bifreiðin var, þegar áreksturinn varð. Vitnið kveðst ekki geta nú fullyrt nákvæmlega, hvar vörubifreiðin og bifreiðin R 28377 voru, þegar þær strukust saman. Vitnið kveðst nú ekki heldur geta sagt um það nákvæmlega, hvar bifreið vitnisins og bifreiðin R 28377 voru, þegar bifreið vitnisins rakst á R 28377. Vitnið man ekki eftir því að það hafi séð akreina-merki á akbrautinni. Vitnið segir, að bifreiðum hafi verið ekið í tvöfaldri röð frá Kringlumýrarbraut að árekstursstaðnum. Vitnið kveðst ekki hafa sætt refsingu vegna akstursóhapps þessa.

Vitnið Daníel Friðrik Ingvarsson gaf svofellda skýrslu hjá lög-reglunni 26. janúar 1977: „Ég ók bifreið minni J-163 austur Suðurlandsbraut eftir hægri akrein og beygði suður Hallarmúla. — Ég beygði ekki til vinstri við gatnamótin, enda ekki það nálægt hægri vegkanti, að ég þyrfti þess. — Þegar ég beygði, heyrði ég einhverja skruðninga, en gat ekki fundið, að bifreið mín kæmi við neitt. — Ég ók svo að Múlakaffi og stöðvaði þar. Sá ég þá, að árekstur hafði orðið á Suðurlandsbraut vestan Hallarmúla, og fór þangað. — Sá ég, að þarna hafði orðið aftanákeyrsla, og taldi ég, að af því hefðu skruðningarnir stafað, sem ég heyrði, þegar ég beygði. — Ég tók ekki eftir, að fremri bifreiðin væri með skemmdir á hægri hlið. — Þar sem ég taldi mig ekki eiga neinn þátt í þessu, ók ég á brott. — Það var svo um kl. 10:30, að ég var staddur við Ofnasmiðjuna, að lögreglan hafði samband við

mig og skýrði mér frá því, að ég hefði ekið utan í bifreið á Suðurlandsbraut við Hallarmúla kl. 09:30. — Við athugun á bifreið minni kom í ljós, að rautt lakk var á stiga, sem er á bifreiðinni vinstra megin, og eins á aurhlífinni. — Var þetta líkur litur og á fremri bifreiðinni á Suðurlandsbraut við Hallarmúla. — Eins og áður er fram komið, varð ég ekki var við, að bifreið mín lenti á neinu, þó ég vilji ekki fortaka, að svo hafi verið. —“

Daníel Friðrik Ingvarsson hefur hér fyrir dómi 20. nóvember 1979 m. a. skýrt svo frá: „Skýrslan, sem ég gaf lögreglunni, hefur verið lesin fyrir mér. Ég hefi undirritað skýrsluna. Ég tel rétt frá greint í þessari skýrslu. Bifreiðin, sem ég ók í umrætt sinn, var vörubifreið af gerðinni Mercedes Benz. Bifreiðin er knúin diesel-vél og er ekki einangrað yfir vélarhlíf bifreiðarinnar. Mikill hávaði er í stýrishúsi bifreiðarinnar, þegar vélin er í gangi. Hávaðinn er það mikill, að maður þyrfti raunverulega að hafa eyrnarhlíf. Ég held, að bifreiðin sé gefin upp fyrir 7 tonn. Bifreiðin var með venjulegum vörupalli. Ég hafði oft áður ekið þessa sömu leið, þar sem ég borðaði oft í Múlakaffi, sem er við Hallarmúlann, og ég var einmitt að fara í kaffi þangað í umrætt sinn. Ég hef ekki sætt sekt fyrir þetta ökuóhapp, og ég veit ekki til, að neitt slíkt mál sé í gangi. Ég kannast ekki við að hafa beygt til vinstri inn á vinstri akreinina, rétt áður en ég beygði til hægri inn Hallarmúlann. Þegar slysið varð, voru tvær akreinar á syðri hluta Suðurlandsbrautarinnar, þar sem ég ók, og ég gekk út frá því, að akbrautinni væri skipt þarna í tvær akreinar. Snjóföln var á, svo að akreinaamerking sást ekki, en ég gekk út frá því, að um akreina-skiptingu væri að ræða. Áður en á árekstursstað kom, leit ég í vinstri hliðarspegli og sá þá tvær bifreiðar á eftir mér á sitt hvorri akreininni. Þegar ég nálgadist beyjuna, hugsaði ég fyrst og fremst um að beyja til hægri inn Hallarmúlann og veitti þá bifreiðunum ekki sérstaka athygli. Ég get nú ekki fullyrt, hvernig þær litu út bifreiðarnar, sem ég sá fyrir aftan í hliðarspeglinum, en þegar ég sá bifreiðarnar, þá tel ég, að þær hafi verið um 20 metra fyrir aftan bifreið mína. Ég dró það ekki í efa, eftir að lögregluþjóninn benti mér á rautt lakk á stiga bifreiðar minnar, og þegar ég hafði athugað skemmdirnar á rauðu bifreiðinni á árekstursstað, að bifreið mín hefði snert þá bifreið. Suðurlandsbrautin, þ. e. akvegurinn til austurs við vegamót Hallarmúla, þrengdist. Akreinar héldust þó fyrir tvær bifreiðar til austurs. Ég man ekki, hve bifreið mín var breið.“

Guttormur Þormar, verkfræðingur umferðardeildar gatnamála-

stjórans í Reykjavík, hefur í vottorði, dagsettu 19. nóvember 1979, greint svo frá:

„Skv. ósk yðar skal upplýst, að akreinalínur voru merktar á Suðurlandsbraut á milli Kringlumýrarbrautar og Reykjavegar þegar á árinu 1968. Voru merktar 2 akreinar til austurs að Reykjavegi og 2 akreinar til vesturs frá Hallarmúla. Síðan hefur Suðurlandsbraut verið máluð árlega. — Reynslan er sú, að akreinaamerkingar slitni mjög fljótlega, eftir að akstur á nagladekkjum hefst, og ekki hægt að segja nokkuð um það, hvort línurnar hafa verið slitnar af eða ekki, þegar umræddur árekstur átti sér stað þ. 21. des. 1976.“

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumenn bifreiðanna R 47934 og J 163, þeir Magnús Thorberg og Daníel F. Ingvarsson, eigi alla sök á árekstrinum.

Ökumaður J 163 hafi gert sig sekan um að aka aðgæslulaust yfir á vinstri akrein, þar sem bifreið stefnanda var ekið. Athugunarleysi ökumanns J 163 hafi verið svo algert, að hann hafi ekki einu sinni tekið eftir því, að hann með aksturslagi sínu olli stórtjóni á bifreið stefnanda. Hafi ökumaður J 163 því með hinum ólöglega akstri sínum m. a. brotið 1. mgr. 37. gr., og 3. mgr. 46. gr., 2. mgr. og 3. mgr., c 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ökumaður R 47934 hafi brotið þá meginreglu umferðarlaga að geta stöðvað á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir, þegar ekið er eftir öðru ökutæki, sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Ökumaður þessi hafi jafnframt gert sig sekan um að fylgjast ekki nægjanlega með umferðinni, sem framundan var, en hann hafi viðurkennt að hafa litið af umferðinni.

Á það er lögð áhersla af hálfu stefnanda, að af gögnum málsins bendi ekkert til þess, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á umferðarslysini. Þvert á móti megi af gögnum málsins ráða, að hann hafi í alla staði hagað akstri sínum í samræmi við umferðarreglur.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að syðri hluti Suðurlandsbrautar hafi, þegar slysið varð, aðeins verið 6 m á breidd og hvor akrein hafi því verið um 3 m. Bifreiðin J 163 hafi verið 2.45 m á breidd og með hliðsjón af þessu hafi ökumanni þeirrar bifreiðar verið skylt að sýna sérstaka varúð, þegar hann beygði inn í Hallarmúlann. Það hafi hann alls ekki gert.

III.

Lögmaður stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnu-trygginga g/t hefur í greinargerð haldið því fram, að augljóst sé, að meiðsli stefnanda eigi allar rætur að rekja til þess, að R 47934 var ekið aftan á bifreið hans. Sök ekils R 47934 liggja í augum uppi og fébótaábyrgð hans, eiganda bifreiðarinnar og Hagtryggingar h/f sé deginum ljósari. Það gegni því furðu, að þetta vátryggingarfélag skuli hafna með öllu bótaábyrgð sinni, en vísa á stefndu Helgu Thorberg og Samvinnu-tryggingar g/t, en þau geti ekki gengist við neinni bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Af hálfu stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnu-trygginga g/t er sýknukrafan á því reist, að tjón stefnanda verði ekki á nokkurn hátt rakið til aksturs J 163. Í greinargerð hefur lögmaður þessara stefndu m. a. rökstutt sýknukröfuna á þessa leið:

„Því er mótmælt sem ósönnuðu, að bifreiðinni J-163 hafi verið ekið að gangbrautinni með þeim hætti, sem stefnandi lýsir. Allt eins gat stefnandi hafa fært sína bifreið óeðlilega og hættulega til hægri, en hálka var á akbrautinni og því gat bifreið hans hafa runnið til hliðar. Ljóst er, að ekill R-47934 er ekki vitnisbær um atvik að þessum atburði, þar sem hann hefur viðurkennt, að hann hafi ekki beint athygli sinni að bifreiðunum framundan, þegar þetta var að gerast. Enda var það einmitt athyglisskortur hans, sem olli því, að hann ók aftan á R-28377 kyrrstæðan. Þá er og lítt að treysta á vætti Ingimars Ólafssonar um þetta, þar sem bifreið var á milli hans og J-163 og hlaut að byrgja honum verulega útsýn að R-28377 og J-163, og það hlaut raunar einnig R-47934 að hafa gert. Fæ ég ekki séð, hvernig vitnið átti að geta fylgst svo gjörlla með akstri R-28377 og J-163, þegar tvær bifreiðar, sem á undan fóru, bar á milli. Ég bendi á, að vitnið virðist hafa verið starfsfélagi stefnanda og þar með starfsmaður eiganda R-28377. Rýrir þetta einnig sönnunargildi framburðar vitnisins.

Ég held því fram, að R-28377 hafi verið rangstæð vinstra megin á akbrautinni, þar sem ekki hafi verið akreinar á þessum slóðum. Bifreiðinni hafi því verið ekið ranglega og hættulega og þá ekki síst með tilliti til þess, að merkt gangbraut var framundan og stutt í gatnamót.

En jafnvel þótt talið yrði sannað, að akstri J-163 hafi verið svo háttað, sem lýst er í sóknargögnum, og þeirri bifreið hafi verið ekið utan í hlið R-28377, þá hefir það ekki önnur réttaráhrif en bótaábyrgð bifreiðareigandans og Samvinnu-trygginga g.t. að því er varðar tjónið á hægri hlið bifreiðarinnar. Sú bótaábyrgð getur

alls ekki að lögum náð til tjóns þess, sem mál þetta fjallar um. Það tjón getur á engan hátt talist afleiðing af akstri J-163. Að afstöðnum samakstri R-28377 og J-163 var fyrrnefnda bifreiðin orðin kyrrstæð, og stefnandi hafði ekki orðið fyrir neinum meiðslum.

Eins og mál þetta er vaxið, hlýt ég að láta til mín taka akstur R-47934 umrætt sinn og sýna fram á sök ökumanns. Bifreiðinni var ekið að merktri gangbraut, strætisvagnastöðvar, og biðskýli eru beggja megin Suðurlandsbrautar á þessum slóðum. Ökumanni bar því að aka með sérstakri gát, en vænta mátti mannaferða eftir gangbrautinni. Bifreiðarstjóri þessi hafði því sérstaka ástæðu til að vera við því búinn, að bifreiðin, sem á undan fór, kynni að verða stöðvuð skyndilega. Auk þess bar honum að sjálf-sögðu að sjá til þess, að hæfileg fjarlægð væri á milli bifreiðar hans og R-28377, sbr. meginregluna í 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Það liggur í augum uppi, að bifreiðarstjóra þessum misfórst mjög að rækja skyldur sínar í þessu efni, og sérstaklega verður það að teljast gálauslegt af honum að hafa athygli sína bundna við annað en það, sem framundan var. Þetta mikla gáleysi ökumanns R-47934 var gagnger og augljós orsök þess, að hann ók aftan á R-28377, en af þeirri ákeyrslu einni hlaut stefnandi meiðsli sín.“

Við hinn munnlega málflutning var af hálfu stefndu Íslenskra aðalverktaka s/f og Samvinnutrygginga g/t viðurkennt, að akbraut Suðurlandsbrautar hafi verið skipt í tvær akreinar, þar sem árekstur varð.

IV.

Af hálfu stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingar h/f er sýknukrafan og varakrafan um skiptingu ábyrgðar á slysi stefnanda m. a. studd eftirgreindum rökum af lögmanni þeirra:

„Hafa verður hugfast, að slysið varð á miðjum morgni um háskammdegið, þannig að enn var dimmt, og jafnframt var bleyta og hálka í götunni. Skiptir þetta síðastnefnda höfuðmáli gagnvart stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f., þar sem ökumaður R-47934 átti ekki annars völ en hemlunar til að forða árekstri. Má og sjá af hemlaförum á vettvangi, að svigrúm hans til þess var lítið. Gefa þau m.a. til kynna, að fjarlægðin milli R-47934 og R-28377 hafi verið svipuð því sem almennt gerist, þegar bifreiðum er ekið í röð á þessum stað.

Telja verður eftir þessum atvikum, að atferli ökumanns J-163 og R-28377 hafi verið höfuðorsök árekstursins og hin eina, sem máli skipti. Einkum sé það atferli ökumanns vörubifreiðarinnar

J-163, sem þarna komi til, og er ágöllum þess réttilega lýst í skjölum stefnanda. Öyggjandi verður að telja, að ökumaðurinn hafi sveigt til vinstri, áður en hann beygði til hægri, bæði vegna framburðar vitna og sjálfs árekstursins við R-28377, og þá að óþörfu og óeðlilega langt. Ætla má, að lag götunnar hafi og stuðlað að þessu, en hún sýnist þrengjast frá suðri á þessum stað vegna útskots fyrir strætisvagna vestan gangbrautarinnar, þótt hún hafi eðlilega tvöfalda breidd á gatnamótunum. Að sjálfsögðu er þetta ekki til afsökunar fyrir ökumann J-163, heldur bar honum þvert á móti að gæta þess sérstaklega að færa sig ekki svo til vinstri, að til trafala yrði fyrir aðra.

Hinsvegar verður einnig að telja, að stefnandi hafi ekki að öllu leyti brugðist rétt við, og m. a. hemlað að óþörfu eða óþarflega fast. Eigi hann þannig sök á því ásamt ökumanni J-163, að R-47934 lenti á bifreið hans, því báðir saman sköpuðu þeir þá hindrun, er varð ökumanni hennar að falli. Hinsvegar átti hinn síðastnefndi ekki möguleika á að forða því, svo sem að framan getur. Er því egðlilegt að líta svo á, að ekki sé unnt að fella ábyrgð á árekstrinum á stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f. vegna R-47934, heldur sé hún að öllu leyti hjá eigendum og vátryggjendum hinna bifreiðanna.

Allavega er það óhjákvæmileg niðurstaða, að ábyrgð samkvæmt 68. gr. umfl. verði ekki felld á stefndu Helgu Thorberg og Hagtryggingu h.f. nema að litlum hluta með hliðsjón af öllum atvikum. Því er sérstaklega mótmælt, að unnt sé að skipta ábyrgðinni þannig, að skilið sé á milli snertingar R-28377 við J-163 annarsvegar og R-47934 hinsvegar, þannig að hin síðarnefnda sé J-163 óviðkomandi, og væri það fjarstæða.“

Af hálfu þessara stefndu er á það bent, að breidd ökutækis megi ekki vera meiri en 2.35 m, nema sérstakt leyfi komi til, sbr. 1. mgr. 55. gr. umferðarlaga, en breidd bifreiðarinnar J-163 hafi verið 2.45 m. Ætla verði, að tilskilið leyfi hafi fengist, en þá hafi ökumanni bifreiðarinnar borið samkvæmt 5. mgr. 55. gr. umferðarlaganna að sýna sérstaka varúð, en það hafi hann vanrækt.

V.

Álit dómsins.

Eigi er nú um það deilt, að syðri hluta Suðurlandsbrautar var skipt í tvær akreinar, þegar umrætt slys varð, og var hvor akrein 3 m á breidd, þar sem akbrautin var mjóst í grennd við árekstursstaðinn. Vörubifreiðin J 163 var 2.45 m á breidd.

Í 55. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 segir m. a.:

„Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2.35 m. Vegamálastjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. . .“

„Ökumaður ökutækis, sem er breiðara en 2.35 m, skal sýna sérstaka varúð, víkja greiðlega fyrir öðru ökutæki og nema staðar, ef þörf gerist.“

Því er ekki andmælt út af fyrir sig, að undanþága hafi verið veitt vegna bifreiðarinnar J 163, hvað breidd hennar varðar.

Sannað er, að bifreiðinni J 163, sem ekið var eftir hægri akrein, var sveigt inn á vinstri akrein og á bifreiðina R 28377, sem stefnandi ók.

Stefnandi, sem reyndi að beygja undan til vinstri og upp á umferðareyju, sem þar var, gat þó ekki komið í veg fyrir, að bifreiðin J 163 skaddaði bifreiðina R 28377. Stefnandi hemlaði bifreið sinni jafnframt, svo sem honum bar samkvæmt 41. gr. umferðarlaga, en þar segir: „Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki.“

Um það bil sem stefnandi var að nema staðar, skall bifreiðin R 47934 aftan á bifreiðina R 28377.

Ökumaður J 163 sýndi af sér verulegt gáleysi með því að sveigja bifreið sinni til vinstri inn á nyrðri akrein akbrautarinnar, og var það m. a. andstætt 1. málslíð 3. mgr. (sic) umferðarlaga, en þar segir: „Þegar komið er á vegamót og beygt til hægri, ber að aka eins nálægt hægri brún akbrautar og unnt er.“

Í ljós er leitt, að ökumaður vörubifreiðarinnar J 163 var meðvaldur að árekstrinum milli fólksbifreiðanna R 28377 og R 47934, enda verður að líta svo á, að vörubifreiðin hafi myndað eins konar hindrun, sem var meðorsök í því, að bifreiðinni R 47934 var ekið aftan á bifreiðina R 28377. Bera stefndu Íslenskir aðalverktakar s/f og Samvinnutryggingar g/t því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Hins vegar verður að telja, að ökumaður R 47934 hafi ekki sýnt næga gát í akstri sínum, svo sem aðstæður voru. Á hann því einnig sök á árekstrinum. Eru stefndu Helga Thorberg og Hagtrygging h/f því einnig bótaskyld gagnvart stefnanda á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir við slysið.

Stefndu hafa ekki leitt í ljós, að stefnandi sjálfur hafi verið meðvaldur að slysinu. Verða stefndu því með hliðsjón af atvikum öllum dæmdir in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

VI

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Tímabundin örorka	kr. 1.042.819
2. Varanleg örorka	— 3.144.501
3. Miskabætur	— 500.000
	Kr. 4.687.320
÷ greidd laun frá Pósti og síma eftir slys aук orlofs	— 127.594
÷ greiddar slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 63.494
	Kr. 4.496.232

Stefndu hafa mótmælt ofangreindum bótakröfum sem allt of hánum svo og vaxtakröfu stefnanda.

Um 1 og 2. Björn Öundurason læknir mat örorku stefnanda. Álitsgerð læknisins er dagsett 26. október 1977. Í niðurlagi hennar segir svo:

„Ályktun: Það er um að ræða rúml. 22 ára gamlan sendibílstjóra, sem h. 21.12'76 slasaðist, er ekið var aftan á bifreið hans, og samtímis var ekið á vinstri hlið bifreiðar slasaða. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem meiðsli slasaða voru könnuð. Við skoðun á Slysadeild kom í ljós mikill stirðleiki í hálsliðum, hálsvöðvar voru mjög aumir viðkomu, og verkir lágu út í hálsinn vinstra megin, þegar bankað var í hvirfil slasaða. Engin einkenni fundust um leasionir frá miðtaugakerfi eða peripherumtaugum. Við röntgenmyndir af hálsliðum kom ekkert sjúklegt í ljós, nema lítilsháttar slitbreytingar á frambrún IV. liðbols, en það gat ekki verið í neinu sambandi við ofangreint slys.

Slasaði var til meðferðar og eftirlits á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík allt þar til í janúar 1977, en þá var hann sendur í æfingameðferð á Æfingastöð fatlaðra og lamaðra að Háaleitisbraut 13, Reykjavík.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið vegna slyss þessa í um 5 mánaða tímabil, eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 2 mánuði og þar á eftir ofurlítið skert í einn mánuð, og varanlega er hér um lítilsháttar örorku að ræða.

Eins og áður er fram komið, eru helstu afleiðingar þessa slyss höfuðverkur, þ. e. verkur í hnakka, verkur í hálsi aftanverðum,

seyðingarverkur í herðum og niður í brjósthluta hryggjar. Verkir þessir eru mun meira áberandi vi. megin í hálsi og herðum. Ekki verður séð, að um verki út í griplimi sé að ræða. Engin merki um laesionir frá miðtaugakerfi eða peripherumtaugum koma fram. Við skoðun finnst, að um veruleg eymsli í vöðvum, bæði í hálsi, hnakka, herðum og niður í hryggjarvöðvana, er að ræða. Hreyfingar í hálsliðum virðast þó að mestu óhindraðar, e. v. t. er þó um lítilsháttar hreyfingarhindrun (rotation til vi.) að ræða. Þá kvartar slasaði og um, að hann fái svima, einkum ef hann þreytist mikið. Einnig tekur slasaði fram, að hann sé slæmur á taugum eftir slysið, en til slíks hafði hann aldrei áður fundið. Við skoðun á Slysadeild komu fram slitbreytingar á IV. liðbol columna cervicalis, en ekki var unnt að setja það í samband við áðurnefnt slys. Slasaði mun áður hafa hlotið höfuðáverka, og samkvæmt bréfi Gísla Auðunssonar, læknis, Húsavík, varð slasaði fyrir bílveltu í Mývatnssveit árið 1973 og var af þeim sökum vistaður á sjúkrahúsinu á Húsavík frá 27.7. 1973 til h. 30.7. 1973, og var ástæða þeirrar sjúkrahúsvistar talin vera commotio cerebri. Ekki verður því með öllu fullyrt, að afleiðingar þess slyss geti ekki hafa haft einhver áhrif á þau einkenni, sem fram komu eftir slysið h. 21.12. 1976.

Þar sem nú svo langt er um liðið frá áðurnefndu slysi, þykir nú ekki líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, og þykir því eðlilegt að meta þá tíma- bundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 5 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það í 1 mánuð	25%
Varanlega	8%“

Stefnandi vildi eigi una niðurstöðu örorkumatsins. Óskaði hann því eftir dómkvaðningu sérfróðra manna til að meta örorkuna á ný. Þann 25. ágúst 1978 voru lækarnir Haukur Þórðarson og Ásgeir B. Ellertsson dómkvaddir. Í álitssgerð þeirra, sem dagsett er 20. október 1978, segir svo:

„Undirritaðir, sem dómkvaddir voru í matsmálinu nr. 57/1979 „til að skoða Árna Sigurpálsson og meta síðan örorku hans tíma- bundna og varanlega og láta í té rökstutt álit“, höfum kynnt okkur málsgögn, átt hvor í sínu lagi viðtal við matsbeiðanda,

heyrð frásögn hans af slysinu og einkennum, sem hann rekur til þess, skoðað hann með hliðsjón af mögulegum slysaafleiðingum og látið taka röntgenmyndir af hálsliðum til samanburðar við áður teknar röntgenmyndir.

Niðurstaða okkar: Matsbeiðandi hlaut tognun í hálsi (distorsio colli, N847) í slysinu. Afleiðinganna hefur gætt í minnkandi mæli til þessa og verið langdregnari en ella fyrir þá sök, að samfara atvinnu- og tekjuröskun um tíma eftir slysið sótti á hann tauga-spenna, kvíði og svefntruflun, sem aftur stuðlaði að viðhaldi spennuástands í hálsvöðvum.

Með tilvísun til ofangreinds teljum við tímabundna og varanlega örorku matsbeiðanda hæfilega metna í örorkumati Björns Önundarsonar.“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út tjón stefnanda. Í álitserð hans segir m. a.:

„Árni er sagður fæddur 28. febrúar 1955 og hefur samkvæmt því verið 21 árs gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali hans fyrir starfsárið 1975 og óstaðfestu ljósriti af framtali fyrir starfsárið 1974 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1974	kr. 670.093.-
Árið 1975	— 956.569.-

Árni var tæpra 19 ára gamall í ársbyrjun 1974, og er þess vegna vart við því að búast, að vinnutekjur ofangreindra tveggja ára séu nothæfur grundvöllur áætlunar tekna fram í tímann. Árið 1974 starfaði Árni nær einvörðungu hjá Kísiliðjunni hf., en árið 1975 voru launagreiðendur fjórir talsins.

Þegar piltar eiga í hlut og aldurs vegna verður ekki stuðst við vinnutekjur þeirra fyrir slys, er ég vanur að miða tjónsútreikning við algengar tekjur verkamanna, enda veiti sérnám eða aðrar sérstakar ástæður ekki tilefni til annarrar viðmiðunar. Hef ég valið þennan kost í máli Árna. Stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík undanfarin ár. Árin 1976 og 1977 er reiknað með meðalvinnutekjum, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsókninni hvort árið um sig, en frá og með árinu 1978 er stuðst við reynslu 10 ára tímabilsins 1968—1977 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum. Reiknast mér árlegar vinnutekjur með þessu móti verða sem hér segir:

Árið 1976	kr. 1.567.017,-
Árið 1977	— 2.154.741,-
Árið 1978	— 3.275.900,-
Eftir þann tíma	— 3.905.069,-

Tekið skal fram, að ég geri ekki ráð fyrir skertum tekjum eftir 21 árs aldur, og kemur því ekki til skerðingar vegna aldurs hér.

Miðað við ofangreindan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 1.042.819,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 2.193.173,-

Samtals kr. 3.235.992,-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið vegna slyssins frá almannatryggingum eða öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960.“

Guðjón Hansen hefur þann 29. nóvember 1979 aftur reiknað með líkindatölum tjón stefnanda vegna örorku hans. Hefur hann þar tekið tillit til launabreytinga frá fyrri útreikningi og haft hliðsjón af meðalvinnutekjum kvæntra verkamanna árið 1978 samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar, sem nú voru til tækar. Í niðurlagi álittegerðarinnar segir svo:

„Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 mánuði	kr. 1.042.819,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ...	— 3.144.501,-

Samtals kr. 4.187.320,-“

Tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hans þykir hæfilega metið kr. 3.000.000, og hefur þá verið tekið tillit til slysabóta að fjárhæð kr. 63.394 og launa að fjárhæð kr. 127.594.

Um 3. Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra þykir tjón hans að þessu leyti hæfilega metið kr. 400.000.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda kr. 3.400.000. Ber stefndu að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 900.000.

Dómsorð:

Stefndu, Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnanda, Árna Sigurpálssyni, kr. 3.400.000 með 13% ársvöxtum frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 900.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 210/1979. Bragi Björnsson

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Guðlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlagning stöðu. Krafa samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 32.814.59 krónur með 19% ársvöxtum af